

## UNDIRBÚNINGUR RÝNIFUNDA

### 20. ATVINNU- OG IÐNSTEFNA

#### Yfirlit yfir sjónarmið sem taka þarf tillit til vegna sérstöðu Íslands

Samningahópur um EES kafla (I) hefur unnið greinargerð um helstu atriði sem hafa þarf í huga varðandi 20. kafla um atvinnu- og iðnstefnu. Kaflinn fellur undir EES-samninginn og flestar gerðir Evrópusambandsins á sviðinu eru þegar innleiddar eða verða innleiddar á næstunni.

Samningahópurinn leggur til að eftirfarandi atriðum verði haldið til haga á rýnifundum með framkvæmdastjórn ESB:

*EES undanþágur, aðlaganir og sérlausnir sem forsendur eru til að halda komi til ESB aðildar*

Ísland hefur ekki fengið neinar undanþágur, aðlaganir eða sérlausnir frá löggjöf á þessu sviði. Samningahópurinn telur ekki ástæðu til að sækja slíkt á þessu sviði.

*Annað sem semja þarf um*

Samningahópurinn telur ekki ástæðu til að sækjast eftir neinum aðlögunum eða sérlausnum.

Þó að tæknileg aðlögun hafi verið gerð við reglugerð (EB) nr. 544/2009 um reiki á almennum farsímanetum er lýtur að viðskiptum með gjaldeyri og kveður á um að opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands skuli gilda skal á það bent að umræddri aðlögun við þessa sömu gerð hefur verið flaggað í 10. kafla þar sem gerðin á heima.

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

## Greinargerðir til aðalsamninganefndar um yfirferð rýniblaða í samningahópum

### 20. kafli – atvinnu- og iðnstefna

*Janúar – desember 2010*

#### *Samantekt*

Kafli 20 fjallar um aðgerðir ESB á sviði iðnstefnu og miða þær fyrst og fremst að því að bæta samkeppnishæfni iðnaðar í aðildarríkjunum með hraðari aðlögun að breyttum aðstæðum. Markmiðið er einnig að skapa umhverfi sem hvetur til nýsköpunar og aukins hagvaxtar. Sérstök áhersla er lögð á að bæta rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Talsvert er um leiðbeinandi tilmæli ESB (soft acquis) í kaflanum sem ætlast er til að aðildarríkin fylgi. Leiðbeinandi tilmæli ESB taka framþróun frá ári til árs og er ríkjum í sjálfsvald sett hvort þau innleiða slík tilmæli í lög eða reglugerðir, inn í sjóðakerfi sín eða í gegnum stefnumótandi aðgerðir sinna landa. Stórum hluta leiðbeinandi aðgerða hefur verið fylgt í aðgerðum íslensks stuðningsumhverfis fyrir lítil- og meðalstór fyrirtæki.

Þýðingarmestu gerðir kaflans hafa þegar verið innleiddar í gegnum XX. (umhverfismál), XXI. (hagskýrslugerð) og XXII. (félagaréttur) viðauka við EES samninginn. Nokkrar nýrri reglugerðir sem leysa af hólmi og mæla fyrir um framkvæmd annarra gerða, sem Ísland hefur þegar innleitt, bíða innleiðingar.

Í réttarheimildum Evrópusambandsins um atvinnu- og iðnstefnu er kaflanum skipt í nokkra undirkafla svo sem greinir hér á eftir en þar er gerð grein fyrir helstu gerðum sem falla undir hvern kafla.

#### *Efni kafla*

Löggjöf ESB á sviði atvinnu- og iðnstefnu er fremur yfirgripslítill. Einungis er fyrir að fara einni tilskipun, tilskipun 2000/35 um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum. Tilskipunin hefur verið innleidd að fullu í íslenskan rétt. Kaflinn inniheldur þó talsvert af leiðbeinandi tilmælum ESB (soft acquis). Megininntak atvinnu- og iðnstefnu ESB felst í því að tryggja samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar. Kola- og stálbandalagið hafði mikil áhrif á mótun atvinnu- og iðnstefnu innan þess sem síðar varð ESB. Má þar nefna reglur um fyrirtæki hvað varðar upplýsingagjöf, styrki, framleiðslukvóta, verndartolla, verðlagningu og viðskipti. Á sviði 20. kafla fer fram undirbúningsvinna sem leggur grunn að verkefnum á málefna sviði annarra samningskafla.

20. kafli fjallar um almenn skilyrði iðnaðar á innri markaðnum: samkeppnishæfni, hagtölugerð, samstarf og miðlun upplýsinga á milli ríkja með það fyrir augum að auka gagnsæi innan vöru- og þjónustuviðskipta og þróun í vöru- og þjónustuviðskiptum. Einnig er fjallað um miðstöð ESB um

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

iðnaðarsamvinnu í Japan, iðnaðarsamvinnu við önnur svæði og þriðju ríki og heimildir stofnana um frjálsa aðild að umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS).

Hvað varðar þróun í rannsóknum og tækni er fyrst og fremst fjallað um gerðir sem lýsa ákvörðunum sem leitt hafa til aukins samstarfs innan ESB, samstarfs ESB við EFTA löndin, sem og samkomulag við önnur lönd um aukið samstarf á sviði vísinda og tækni. Ber þar einna hæst stofnun Rammaáætlana ESB um vísinda og þróunarsamstarf og ákvarðanir um áframhaldandi eflingu þess samstarfs. Einnig er um að ræða ákvarðanir um aukið samstarf á milli stofnana ESB sem fjalla um tæknileg málefni, sbr. ákvörðun um samræmdar geimrannsóknáætlanir og ályktun um að setja á stofn formlegt samstarf um rannsóknir og þróun (European Research Area, 2000).

Innri markaðurinn gegnir lykilhlutverki í mótun atvinnu- og iðnstefnu. Má til að mynda nefna samræmisýfirlýsingar (conformity assessment, 1989) og stofnsetningu nýrra áætlana eins og CIP áætlunina (Competitiveness and Innovation Framework Programme, 2006) og Vísindaráðs Evrópu (European Research Council, 2007). Áhersla er lögð á að tryggja gegnsæi og upplýsingastreymi í þeim tilgangi að skapa yfirsýn yfir greinina og tryggja frjálst flæði vara auk viðbragða framkvæmdastjórnarinnar varðandi styrki, tollfríðindi, skattalækkningar og skattaívilnanir til fyrirtækja.

Rannsóknir og rannsóknarsamstarf er mikilvægur hluti atvinnu- og iðnstefnu. Má þar nefna reglugerð um rannsóknainnviði (Regulation for a European Research Infrastructure Consortium – ERIC, 2009) og ARTEMIS (2008) um innfelld reiknikerfi. Jafnframt falla samevrópsku flutninganetin eða TEN undir 20. kafla. Á samgöngusviði fellur áætlunin um TEN-T sem er uppbygging flutninganets Evrópu. Markmiðið með áætluninni er að greiða fyrir og styðja við sameiginlegan markað EES með því að skilgreina grunnsamgöngukerfi þess sem og tengingar við jaðarbyggðir og byggja það upp á skilvirkan hátt. Hluti þeirra gerða sem hér eru listaðar hafa verið rýndar undir 21. kafla um evrópsk samgöngunet.

Hvað varðar málefni fyrirtækja þá ber helst að nefna reglur ESB um rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja, hvernig unnt sé að bæta rekstrarumhverfi þeirra og hvetja til aukinnar frumkvöðlastarfsemi og stofnunar nýrra fyrirtækja. Meðal annars er fjallað um fyrirtæki í ferðaþjónustu, mikilvægi útboða og undirverktöku, einföldun opinberrar stjórnarsýslu og skattlagningu lítilla fyrirtækja. Eins eiga hér undir reglur um birtingu á hagtölum og hagskýrslum innan sambandsins varðandi uppbyggingu, skipulag og samkeppnisstöðu fyrirtækja innan sambandsins með innleiðingu á skilgreindum kóðum og einkennum þeirra í samræmi við fyrirmæli frá nefnd um hagtölur og tölfræði (Statistical Programme Committee). Þá má nefna lágmarksgæðatryggingu við lögbundna endurskoðun fyrirtækja, samþykktir fyrir Evrópufélög (SE), innleiðingu á alþjóðlegum bókhaldsstöðlum, skilgreiningar á stærð fyrirtækja, evrópsk samvinnufélög, eftirlitsnefnd fyrir evrópsk fyrirtæki, reglur um birtingu launa fyrirtækja sem eru á hlutabréfamarkaði, reglur um yfirtökutilboð, reglur um starfmenn sem sinna eftirlitshlutverki í stjórnnum fyrirtækja sem eru á hlutabréfamarkaði, sameiningu hlutafélaga frá mismunandi löndum og launamálum fyrirtækja í fjármálageiranum en nánari umfjöllun er að finna í kafla 6 um félagarétt.

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Gildissvið 20. kafla er mjög vítt og af öðrum tengdum málefnum má nefna: endurskipulagningu í vefnaðariðnaði, ákvarðanir um staðla í upplýsingatækni og tiltekna notkun tíðnibands innan sambandsins og rammisamning á milli ESB og Evrópsku geimstofnunarinnar (European Space Agency, 2004) um gerð sameiginlegrar stefnumörkunar og gerð áætlunar um fjarkönnun, fjarskipti um gervitungl, geimferðir og geimrannsóknir.

### ***Mikilvægustu gerðir***

Þýðingarmestu gerðir kaflans hafa þegar verið innleiddar í gegnum XX. (umhverfismál), XXI. (hagskýrslugerð) og XX. (félagaréttur) viðauka við EES samninginn. Nokkrar yngri reglugerðir sem leysa af hólmi og mæla fyrir um framkvæmd annarra reglugerða, sem Ísland hefur þegar innleitt í gegnum ofangreinda viðauka, bíða innleiðingar.

Þá má nefna tilskipun 2000/35 um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum sem hefur eins og áður sagði verið innleidd að fullu í íslenskan.

Stórum hluta hinna leiðbeinandi tilmæla hefur verið fylgt í aðgerðum íslensks stuðningsumhverfis fyrir lítil- og meðalstór fyrirtæki og má þar nefna atriði er heyrir undir *European Charter for Small Enterprises* og *Small Business Act*.

### ***Áhrif kafla***

- Helstu lagabreytingar  
Lagfæra þarf ákvæði fjarskiptalaga til þess að þau nái fyllilega yfir efni tilskipunar 2006/24 sem fjallar um varðveislu gagna um fjarskiptatengingar. Fjallað er um þessa tilskipun í 10. Kafla.
- Kerfisbreytingar / stofnanir  
Kerfisbreytingar eru ekki fyrirséðar.
- Fjárhagsleg áhrif  
Fjárhagsleg áhrif eru ekki fyrirséð.  
Samkvæmt EES samningnum greiðir Ísland umsamið árlegt framlag fyrir þátttöku í Samkeppnis- og nýsköpunaráætluninni (CIP). Við aðild verður framlagið hluti af heildaraðildargjöldum Íslands. Hingað til hafa styrkir til íslenskra aðila að jafnaði verið hærri en aðildargjöld hvers árs.

### ***EES og Schengen (ef við á)***

- Staða innleiðingar  
Sjá undir liðnum mikilvægustu gerðir hér að ofan.
- Undanþágur  
Tæknileg aðlögun hefur verið gerð við reglugerð (EB) nr. 544/2009 um reiki á almennum farsímanetum hvað Ísland varðar. Þessi aðlögun lýtur að viðskiptum með gjaldeyri sem eru ákveðin með því að nota viðmiðunargengi sem Seðlabanki Evrópu birti í Stjórnartíðum Evrópusambandsins. Þar sem Seðlabanki Evrópu skráir ekki opinbert

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

viðmiðunargengi íslensku krónunnar, skal opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands gilda.

### ***Alþjóðasamningar sem eiga undir kaflann***

Fjallað er um alþjóðasamninga í greinargerðum um 30. kafla aðildarviðræðnanna þ.e. utanríkistengsl og utanríkisviðskipti.

### ***ESB stofnanir og sjóðir sem eiga undir kaflann***

- Geimvísindastofnun Evrópu (*European Space Agency - ESA*)  
Galileo verkefnið svokallaða (hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi Evrópu) heyrir undir stofnunina og var tekið inn í EES samninginn. Norðmenn hafa tekið þátt í því með tilheyrandi fjárframlögum. Í kjölfar hrunsins ákváðu íslensk stjórnvöld að draga sig út úr þessu samstarfi vegna kostnaðar. Ísland á kost á að endurskoða þátttöku í Galileo verkefninu síðar ef svo ber undir.
- Executive Agency for Competitiveness & Innovation (*EACI*)  
Evrópusambandið setti árið 2008 á fót framkvæmdastofnun um samkeppni og nýsköpun (EACI). Skrifstofan heldur fyrir hönd ESB utan um eftirtalin atriði:
  - Intelligent Energy – Europe - *The Power to Innovate*. (Ísland tekur þátt)
  - Marco Polo- *New Ways to a Green Horizon*
  - Enterprise Europe Network - *Business Support at Your Doorstep* (Ísland tekur þátt)
  - Eco-innovation - *When Business Meets the Environment* (Ísland tekur þátt)
  - IPEuropAware Project - *Putting Ideas to Work*
- Samkeppnis- og nýsköpunaráætlunin (*The Competitiveness and Innovation Programme - CIP*)  
Samkeppnis- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins, er ætlað að efla nýsköpun hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum og stuðla þar með að samkeppnishæfni þeirra. Ísland er aðili að áætluninni.

Áætlunin skiptist í þrjár undiráætlanir:

1. Frumkvöðla- og nýsköpunaráætlun (*Entrepreneurship and Innovation Programme - EIP*), til stuðnings hagstæðs starfsumhverfis fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

2. Upplýsingatækniáætlun (*ICT policy support Programme – ICT PSP*), sem hvetur til aukinnar þróunnar og notkunar upplýsingatækni.

3. Orkuáætlun (*Intelligent Energy-Europe Programme - IEE*), sem hvetur til sjálfbærrar orkunotkunar.

Evrópusambandið leggur 3.621 milljón evra í áætlunina fyrir tímabilið 2007-2013, sem skiptist niður á undiráætlanirnar og renna 60% til EIP, 20% til ICT og 20% til IEE.

- Enterprise Europe Network (*EEN*)  
Enterprise Europe Network er stærsta tækniyfirfærslunet sinnar tegundar í heiminum og hefur það að markmiði að aðstoða lítil og meðalstór fyrirtæki, rannsóknaraðila, opinberar stofnanir og háskóla við að efla samkeppnishæfni sína á alþjóðamarkaði. Verkefnið heyrir

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

undir Samkeppnis- og nýsköpunaráætlunina og Evrópumíðstöð Impru í Nýsköpunarmiðstöð Íslands leiðir starfsemi Enterprise Europe Network á Íslandi en Íslandsstofa og Rannís eru samstarfsaðilar hennar.

***Sjónarmið sem mikilvægt er að hafa í huga þegar til viðræðna kemur***

- Mikilvægustu hagsmunir  
Ekki verður séð að semja þurfi um sérlausnir í þessum kafla.
- Sérlausnir og fordæmi frá öðrum ríkjum  
Ekki verður séð að önnur ríki hafi samið um sérlausnir í þessum kafla.

\* \* \*

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.